

ÚRSKURÐARORÐ:

Breytingar á kjarasamningum milli fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs annars vegar

og

eftirtalinna aðildarfélaga Bandalags háskólamanna:

Dýralæknafélags Íslands	Félagsráðgjafafélags Íslands
Félags geislafræðinga	Fræðagarðs
Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins	Iðjuþjálfafélags Íslands
Félags íslenskra félagsvísindamanna	Ljósmeðrafélags Íslands
Félags íslenskra hljómlistarmanna (Starfsmannafélag Sinfóníu- hljómsveitar Íslands),	Sálfræðingafélags Íslands
Leikarafélags Íslands	Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga
Félags íslenskra náttúrufræðinga	Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði
Félags lífeindafræðinga	Stéttarfélags lögfræðinga
Félags sjúkrabjálfa	Þroskaþjálfafélags Íslands

hins vegar

1. gr.

Gildistími

Gildandi kjarasamningar aðila framlengjast frá 1. mars 2015 til 31. ágúst 2017 með þeim breytingum sem hér eru gerðar og falla þá úr gildi án frekari fyrirvara.

2. gr.

Launahækkanir

Laun samkvæmt grein 1.1.1 hækki sem hér segir:

01.03.2015	7,2%	Sjá útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjölum 2, 3, 4 og 5, sem taka gildi frá og með 1. mars 2015.
01.06.2016	5,5%	Sjá útfærslu í meðfylgjandi launatöflum í fylgiskjölum 6, 7, 8 og 9.
01.06.2016	1,65%	Til útfærslu menntunarákvæða, sbr. 5. gr. þessa úrskurðar, eftir því sem þörf krefur og eftir atvikum annarra þátta í stofnanasamningum.

01.06.2017

Sérstök eingreiðsla, 63.000 kr., greiðist hverjum starfsmanni miðað við fullt starf og sem er við störf í apríl 2017 og er enn í starfi í maí. Upphæðin greiðist hlutfallslega miðað við starfstíma og starfshlutfall í apríl. Eingreiðslan nær til allra starfsmanna í föstu ráðningarsambandi utan þeirra sem eru í launalausum leyfi þ.m.t. fæðingarorlofi.

3.gr.

Persónuuppbót og orlofsuppbót

Persónuuppbót (desemberuppbót) á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	78.000 kr.
Á árinu 2016	82.000 kr.

Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2015	42.000 kr.
Á árinu 2016	44.500 kr.
Á árinu 2017	46.500 kr.

4. gr.

Ný grein 10.1.3:

- 10.1.3 Komi til þess að aðsókn eftir því að nýta sér leyfi samkvæmt grein 10.1 valdi erfiðleikum í rekstri stofnunar hefur stofnun heimild til að takmarka þann fjölda sem nýtir réttinn við 10% á ári, annað hvort miðað við fjölda vikna eða fjölda háskólamenntaðra starfsmanna sem falla undir grein 10.1 á stofnuninni.

5. gr.

1.2 Röðun starfa og mat álags

- 1.2.1 Við ákvörðun um röðun starfa í launaflokka skal fara eftir gr. 11.3.3.1.
- 1.2.2 Hjá öðrum en Félagi Íslenskra Náttúrufræðinga:
Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.3.2 og 11.3.3.3, sem álagsþrep.
- 1.2.2 Hjá Félagi Íslenskra Náttúrufræðinga:
Meta skal persónu- og tímabundna þætti, sbr. gr. 11.3.3.2 og 11.3.3.3, sem flokk/flokka.

Stofnanapáttur (11. kafli) (tekur gildi 01.06. 2016)

- 11.3.2 Við gerð stofnanasamnings skal semja um röðun starfa í launaflokka skv. 11.3.3.1 og þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og sú ábyrgð sem í starfinu felst auk þeirrar færni (kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi.

Starfslýsing er ein af forsendum röðunar starfa í launaflokka og skal hún endurskoðuð í takt við þróun viðkomandi starfs og skal þá jafnframt endurmeta röðun starfsins.

Hjá öðrum en Félagi íslenskra náttúrufræðinga:

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til röðunar í álagsþrep. Slíkt álag skal háð endurmati. Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

Hjá Félagi íslenskra náttúrufræðinga:

Meta skal persónu- og tímabundna þætti til röðunar í flokk/flokka. Slíkt álag skal háð endurmati. Tímabundnir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars. Forsendur álagsþátta skulu endurskoðaðar við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi

11.3.3 Við ákvörðun á röðun starfa verði almennt byggt á því að um sé að ræða þrjá þætti sem mynda samsetningu launa hjá hverjum og einum. Þættirnir eru:

11.3.3.1 **Röðun starfs.** Röðun miðist við að um viðvarandi/stöðugt verkswið sé að ræða og skulu skilgreiningar starfaflokkunar Hagstofunnar (nú ÍSTARF95, 2. útgáfa) hafðar til hliðsjónar. Þar skulu fyrst og fremst metin þau verkefni og ábyrgð (svo sem stjórnun) sem í starfinu felast auk þeirrar færni (menntun/kunnáttustig/sérhæfing) sem þarf til að geta innt starfið af hendi. Þá skal lítið til þess hvar tiltekið starf er staðsett innan skipurits stofnunar eða annars formlegs starfsskipulags.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) í starfslýsingu skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokk sem hér segir:

Starf sem gerir kröfu um 60 eininga (ECTS) viðbótarnám raðast að lágmarki einum launaflokki hærra en starf þar sem einungis er krafist grunnmenntunar og sé gerð krafa um meistaragráðu skal slíkt starf raðast að lágmarki 2 launaflokkum hærra sbr. upptalningu hér að neðan:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar = 1 launaflokkur.
- Meistaragráða (90 - 120 einingar) = 2 launaflokkar.
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar.

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

11.3.3.2 **Persónubundnir þættir.** (Hjá öðrum en Félagi íslenskra náttúrufræðinga): Álagsþrep fyrir persónubundna þætti eru varanleg enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

- Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.
- Markaðsálag eða eftirspurnarálag.
- Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirfærslu þekkingar eða vinnubragða).

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 álagsþrep, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 álagsþrep og doktors- eða sambærileg gráða með 6 álagsþrepum. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

11.3.3.2 **Persónubundnir þættir.** (Hjá Félagi íslenskra náttúrufræðinga): Álag fyrir persónubundna þætti er varanlegt enda umbun fyrir t.d. kunnáttu eða reynslu viðkomandi starfsmanns. Dæmi um persónubundna þætti:

- Sérstök þekking eða færni sem nýtist í starfi, þar með talin sérstök fagreynsla sem gerir starfsmann verðmætari í starfi.
- Markaðsálag eða eftirspurnarálag.
- Starfsaldur hjá stofnun (umbun fyrir tryggð við stofnun) eða sambærilegum stofnunum (umbun fyrir yfirfærslu þekkingar eða vinnubragða).

Sérstaklega skal meta formlega framhaldsmenntun sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu og ekki er þegar metin við grunnröðun starfsins. Menntunin þarf að nýtast í starfi og því miðað við að hún sé á fagsviði viðkomandi. Miða skal við að diplóma (60 einingar) leiði til hækkunar um 2 launaflokka, meistaragráða leiði til hækkunar um 4 launaflokka og doktors- eða sambærileg gráða um 6 launaflokka, en þó aldrei hærra en launataflan leyfir. Styttra formlegt nám skal metið með sambærilegum hætti.

11.3.3.3 **Tímabundnir þættir** eru t.d. frammistaða eða álag vegna tímabundinna viðbótarverkefna. Dæmi um tímabundna þætti:

- Frammistaða umfram kröfur og/eða væntingar byggðar á fyrirfram skilgreindum mælanlegum viðmiðum.
- Tímabundin aukin ábyrgð.
- Innleiðing verkefna.
- Þróun og nýsköpun.
- Sérstakt álag og erfiðleikastig.
- Vinnutímasveigjanleiki og liðlegheit.
- Öflun nýrra verkefna og hugmynda.

11.3.3.4 **Hjá öðrum en Félagi íslenskra náttúrufræðinga:**

Þættir skv. 11.3.3.2 og 11.3.3.3 eru eingöngu metnir til röðunar í álagsþrep. Tímabundnir þættir eru oftast einstaklingsbundnir en geta þó einnig tengst hópum og jafnvel árangri hópa.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

11.3.3.4 **Hjá Félagi íslenskra náttúrufræðinga:**

Þættir skv. 11.3.3.2 og 11.3.3.3 eru eingöngu metnir til röðunar í flokk/flokka. Tímabundnir þættir eru oftast einstaklingsbundnir en geta þó einnig tengst hópum og jafnvel árangri hópa.

Ofangreindir þættir geta verið breytilegir frá einum tíma til annars og álag á laun því breytilegt. Ofangreinda þætti skal endurskoða við breytingar á starfssviði starfsmanns eða eftir nánari útfærslu í stofnanasamningi.

Ný grein 11.3.4 (Hjá öðrum en Félagi íslenskra náttúrufræðinga):

11.3.4 Í stofnanasamningi er að auki heimilt að semja um aðra og/eða nánari útfærslu eftirtalinna ákvæða í kjarasamningi aðila:

- Yfirvinnu fjarri föstum vinnustað, samanber grein 1.5.3,
- Heimild til að semja um fasta þóknun, samanber grein 1.5.4,
- Að haga vinnu með öðrum hætti en greinir í vinnutímakafla, samanber grein 2.1.2,
- Breyttan matartíma og kaffitíma, samanber greinar 3.1.2 og 3.1.5.

adé
[Handwritten signature]

Fylgiskjal nr. 2

samkvæmt ákvörðun gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015 um kjarasamning fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og eftirtalinna aðildarfélaganna BHM: Dýralæknafélags Íslands, Félags geislafræðinga, Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Leikarafélags Íslands, Félags lífeindafræðinga, Félags sjúkráþjálfara, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjuþjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélags lögfræðinga og Þroskaþjálfafélag Íslands.

Launatafla tekur gildi frá og með 1. mars 2015:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	288.856	296.077	303.299	310.520	317.741	324.963	332.184	339.406	346.627
02	303.299	310.881	318.463	326.046	333.628	341.211	348.793	356.376	363.958
03	318.463	326.425	334.387	342.348	350.310	358.271	366.233	374.195	382.156
04	334.387	342.746	351.106	359.466	367.825	376.185	384.545	392.904	401.264
05	351.106	359.884	368.661	377.439	386.217	394.994	403.772	412.550	421.327
06	368.661	377.878	387.094	396.311	405.527	414.744	423.960	433.177	442.394
07	387.094	396.772	406.449	416.126	425.804	435.481	445.158	454.836	464.513
08	406.449	416.610	426.772	436.933	447.094	457.255	467.416	477.578	487.739
09	426.772	437.441	448.110	458.779	469.449	480.118	490.787	501.457	512.126
10	448.110	459.313	470.516	481.718	492.921	504.124	515.327	526.529	537.732
11	470.516	482.278	494.041	505.804	517.567	529.330	541.093	552.856	564.619
12	494.041	506.392	518.743	531.094	543.446	555.797	568.148	580.499	592.850
13	518.743	531.712	544.681	557.649	570.618	583.586	596.555	609.524	622.492
14	544.681	558.298	571.915	585.532	599.149	612.766	626.383	640.000	653.617
15	571.915	586.213	600.510	614.808	629.106	643.404	657.702	672.000	686.298
16	600.510	615.523	630.536	645.549	660.561	675.574	690.587	705.600	720.612
17	630.536	646.299	662.063	677.826	693.589	709.353	725.116	740.880	756.643
18	662.063	678.614	695.166	711.717	728.269	744.821	761.372	777.924	794.475
19	695.166	712.545	729.924	747.303	764.682	782.062	799.441	816.820	834.199
20	729.924	748.172	766.420	784.668	802.917	821.165	839.413	857.661	875.909
21	766.420	785.581	804.741	823.902	843.062	862.223	881.383	900.544	919.704
22	804.741	824.860	844.978	865.097	885.215	905.334	925.453	945.571	965.690

Fylgiskjal nr. 6

samkvæmt ákvörðun gerðardóms skv. lögum nr. 31/2015 um kjarasamning fjármála- og efnahagsráðherra f.h. ríkissjóðs og eftirtalinna aðildarfélaga BHM: Dýralæknafélags Íslands, Félags geislafræðinga, Félags háskólamenntaðra starfsmanna Stjórnarráðsins, Félags íslenskra félagsvísindamanna, Leikarafélags Íslands, Félags lífeindafræðinga, Félags sjúkrabjálfa, Félagsráðgjafafélags Íslands, Fræðagarðs, Iðjubjálfafélags Íslands, Sálfræðingafélags Íslands, Stéttarfélags bókasafns- og upplýsingafræðinga, Stéttarfélags háskólamanna á matvæla- og næringarsviði, Stéttarfélags lögfræðinga og Proskabjálfafélag Íslands.

Launatafla tekur gildi frá og með 1. júní 2016:

	0	1	2	3	4	5	6	7	8
01	304.743	312.361	319.980	327.599	335.217	342.836	350.454	358.073	365.691
02	319.980	327.979	335.979	343.978	351.978	359.977	367.977	375.976	383.976
03	335.979	344.378	352.778	361.177	369.577	377.976	386.376	394.775	403.175
04	352.778	361.597	370.417	379.236	388.056	396.875	405.695	414.514	423.333
05	370.417	379.677	388.938	398.198	407.458	416.719	425.979	435.240	444.500
06	388.938	398.661	408.385	418.108	427.831	437.555	447.278	457.002	466.725
07	408.385	418.594	428.804	439.013	449.223	459.433	469.642	479.852	490.061
08	428.804	439.524	450.244	460.964	471.684	482.404	493.124	503.844	514.565
09	450.244	461.500	472.756	484.012	495.268	506.524	517.781	529.037	540.293
10	472.756	484.575	496.394	508.213	520.032	531.851	543.670	555.488	567.307
11	496.394	508.804	521.214	533.623	546.033	558.443	570.853	583.263	595.673
12	521.214	534.244	547.274	560.305	573.335	586.365	599.396	612.426	625.456
13	547.274	560.956	574.638	588.320	602.002	615.684	629.365	643.047	656.729
14	574.638	589.004	603.370	617.736	632.102	646.468	660.834	675.200	689.566
15	603.370	618.454	633.538	648.623	663.707	678.791	693.875	708.960	724.044
16	633.538	649.377	665.215	681.054	696.892	712.731	728.569	744.408	760.246
17	665.215	681.846	698.476	715.107	731.737	748.367	764.998	781.628	798.258
18	698.476	715.938	733.400	750.862	768.324	785.786	803.248	820.709	838.171
19	733.400	751.735	770.070	788.405	806.740	825.075	843.410	861.745	880.080
20	770.070	789.322	808.573	827.825	847.077	866.329	885.580	904.832	924.084
21	808.573	828.788	849.002	869.216	889.431	909.645	929.859	950.074	970.288
22	849.002	870.227	891.452	912.677	933.902	955.127	976.352	997.577	1.018.803